

## Umhverfisráðsfundur 09.11.2017

Umhverfisráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Agnes Finnsdóttir, leiðbeinandi (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Hlín Pálsdóttir, leikskólakennari (Álfasteinn), Lína Ellertsdóttir, leikskólakennari (Brikiból) og Sigríður Sigurðardóttir, leiðbeinandi (Lundur).



Fjarverandi:

Fundur hefst kl 8:30

### Dagskrá fundar:

- 1) Fundagerð síðasta fundar lesin.
- 2) Tæma moltutunnur í skrefum:  
Byrja á föstudaginn í útiveru að tæma í trégrindum.  
Í næstu viku á að byrja að tæma tunnur. Verðum að tæma tvær tunnur fyrir áramót helst fleiri. **Tæma tunnu 1 fyrst, síðan 3,5,6 og 7.**
- 3) Moltutunnur:  
Moltutunna 1: **Lítið blaut**  
Moltutunna 2: **Í notkun**  
Moltutunna 3: **Blaut**  
Moltutunna 4: **Mjög blaut, of mikið í henni**  
Moltutunna 5: **Blaut**  
Moltutunna 6: **Lítið blaut**  
Moltutunna 7: **Lítið blaut**  
Moltutunna Lundur: **Blaut**  
Moltukassar inni:  
**Ekki fylla moltutunnur upp fyrir flöskuhálsinn.**
- 4) Tína laufblöð um leið og tækifæri gefast.
- 5) Fara yfir tunnur fyrir hvern fund. Hverjir gerað það næst? **Lína og Agnes fara yfir.**
- 6) Átaksvikum í lífrænu sorpi lokið. Átaksvikur í pappírnotkun hafnar. Rifja upp fyrir starfsfólki stefnuna. **Minna börn og starfsfólk á að fara vel með pappírinn. Muna að endurnýta allt og setja í rétt endurvinsluilát. Það er í lagi að endurnýta pappír sem er með t.d. lími og glimmeri.**
- 7) Vera hvatamenn fyrir því að börnin séu að taka þátt í umhverfisstefnunni og skipuleggja það. Nota undirbúningstíma. Muna eftir að nota stimplana. Hvernig gengur þessi vinna? **Hugmynd um að nýta náttúruskoðun-hópastarf til að fara og hræra í moltutunnum. Nýta hvíld með börnum sem ekki sofa til að skola fernur.**
- 8) Er mikið um bleiur. Nokkur börn á Birkibóli og Klettaborg vilja ekki vera með taubleyjur og gráta undan þeim. Birkiból og Klettaborg eiga að taka til í bleyjuskáp og gefa í rauða krossin það sem er ónothæft.
- 9) Passa uppá hitakompuna fyrir blaut föt í fataklefa Álfasteins og Tröllagils. Lækka hita á föstudegi og passa að hitinn sé ekki í botni í þurrum veðrum. **Hafa opið fram til að hleypa raka út.**
- 10) Vera meðvitaðar um rafmagnsnotkunina, farið að dimma. Tala við börnin um „Slökkviliðsmennina“, af hverju eru þeir fyrir ofan rofana?? **Passa að þegar fer að birta um kl 9-10 að slökkva ljós. Passa það sérstaklega í Janúar þegar daginn fer að lengja.**
- 11) Önnur mál – farið var yfir fundagerð umhverfisráðs barna. **Fundi var frestað.**

Næsti fundur verður **14. des. kl: 8:30**, muna að taka dagbókina með!

Fundi lokið: **9:00**

Ritari fundarins: **Hlín Pálsdóttir**